



Akureyri, 24. apríl 2024

Kæru félagar AkureyrarAkademíunnar.

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar (AkAk) 2024 fer fram miðvikudaginn 15. maí nk. og hefst kl. 19:30. Fundurinn er í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri.

Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 12. gr. [skipulagsskrár](#) AkAk:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðun reikninga.
3. Upptalning fulltrúa.
4. Kjör formanns og fulltrúaráðs.
5. Fjárhagsáætlun og árgjald.
6. Breytingar á skipulagsskrá.
7. Önnur mál.

Árgjald vegna ársfundar 2024 er kr. 2.000 sem hefur verið sent í ykkar heimabanka. Með því að greiða árgjaldið gerist þið félagar AkAk starfsárið 2024-2025. Vakin er athygli á að samkvæmt 5. gr. skipulagsskrár AkAk er atkvæðisréttur á ársfundi bundinn við þá sem greiða árgjald fyrir ársfund en fundurinn er engu að síður öllum opinn.

Eftir ársfundinn verður boðið upp á léttar veitingar.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar þakkar fyrir samstarfið og vonast til að sjá ykkur sem flest á ársfundinum.

Bestu kveðjur

F.h. stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Sigurgeir Guðjónsson, formaður